

1. maí 2025

Góðir gestir. Kærar þakkir fyrir að bjóða mér til ykkar hér í dag. Ég kom síðst til ykkar á 1. maí fyrir sléttum 10 árum

Kæru félagar. Það er ekki fallett um að litast í heiminum núna. Stríð, þjóðarmorð og hlýnun jarðar svo eitthvað sé nefnt. Hlýnunin mætti þó ná meira til okkar hér á norðurhjaranum. Það er ömurlegt að verða vitni að slátrun á almennum borgurum nánast í beinni útsendingu víðs vegar um heiminn. Í Afríku, Palestínu, Úkraínu. Stríð virðast í dag snúast um að skapa sem mestan ótta hjá venjulegu fólki og drepa það svo á eftir. Þetta er skömm heimsins sem verður að linna. Við sem þjóð og allar þjóðir verða að leggjast á eitt að ná friði og hætta tilgangslausum morðum og limlestingum á saklausu fólki. Þetta er ógeðslegt samfélag, heimssamfélag, sem við lifum í í dag svo vitnað sé í frægan ritstjóra.

En að verkalýðsmálunum. Ég veiti forystu sambandi sjómanna á Íslandi. Undirmanna á íslenska fiskiskipaflotanum. Í okkar sambandi eru nær 1500 sjómenn sem er um helmingur þeirra sjómanna sem hafa sjómennsku að aðalatvinnu. Nýr kjarasamningur var undirritaður fyrir rúmu ári síðan og gildir hann í næstu 8 ár ef honum er ekki sagt upp á tímabilinu. Hann gæti orðið laus eftir 4 ár héðan í frá og svo árlega eftir það samkvæmt ákvæðum hans.

Í þessum samningi tókum við þá stóru ákvörðun að hætta við svokallað olíuviðmið samningsins og gera upp úr 100% aflaverðmæti. Skipta prósentur samningsins voru færðar niður á mótí sem þessu nam. Þetta var því núll aðgerð. Okkar innlegg í orkuskipti í sjávarútvegi. Við sættumst á að okkar aðalkrafa um allan fisk á markað yrði sett til hliðar ef útgerðin setti sína aðalkröfu um að sjómenn tækju þátt í veiðigjaldinu með útgerðinni væri einnig sett til hliðar. Það varð úr. Ekki var í boði þó sjómenn tækju þátt í greiðslu veiðigjalds með útgerðinni að þessir sömu sjómenn fengju hlut af hagnaði útgerðarinnar.

Samið um að sjómenn fengju sömu prósentu í lífeyrissjóð og aðrir landsmenn eða 15,5%. Sjómenn tóku á sig 30% af kostnaðinum við breytinguna en útgerðin 70% af kostnaðinum. Launahlutfall útgerðarinnar jókst töluvert við þetta.

Nú er hækkun kaupliða sjálfvirk og miðast við hækkanir sem verða á ákveðnum launaflokki hjá SGS. Fiskverð í beinum viðskiptum er nú miðað við 80% verði á fiskmarkaði að frádregnum uppboðskostnaði. Nú er miðað við þriggja mánaða meðaltöl sem er til mikilla bóta frá því sem áður var. Má nefna í því sambandi að verð á slægðum þorski hefur hækkað í beinum viðskiptum um 14,5% frá því í nóvember sl. en meðalverð á slægðum þorski á Fiskmörkuðunum, hefur hækkað um tæp 5% á sama tíma.

Skýringin á þessum mun er að nú er einnig tekið tillit til afurðaverðs, stærðar fisksins sem veiðist og gengisþróunar við verðákvörðun um viðskipti milli skyldra aðila.

Í mars sl. er verð í beinum viðskiptum með slægan þorsk ákkúrat 80% af verði á fiskmarkaði eins og samningurinn kveður á um.

Í uppsjávarfiskinum er einnig unnið með nýja aðferð til að finna verð uppúr sjó.

Er miðað við að hráefnishlutfallið til vinnslu á þessum tegundum sé sem næst 33%. Það þýðir að 33% af afurðaverðinu kemur í hlut skipsins og skiptist eftir skiptareglum til sjómanna. Gallinn við þetta er að Tollurinn og skattayfirvöld hafa meinað Verðlagsstofu skiptaverðs um upplýsingar um afurðaverð út úr landinu.

Hvers vegna er okkur hulin ráðgáta en nú nýverið hafa samtök útgerðarmanna loks ljáð máls á því að liðka fyrir þessu með okkur. Það er ótækt að sú stofnun sem á að fylgjast með hvort rétt sé gefið, Verðlagsstofa skiptaverðs, hafi ekki aðgang að þeim upplýsingum sem hún þarf til þess.

Vegna aðgerða stjórnvalda og framsetningu þeirra á hækkun veiðigjalda vil ég segja þetta:

Í kjarasamningi okkar er skýrt kveðið á um hvernig verðmyndun á fiski er fundin út, bæði í botnfiskinum og í uppsjávarfiskinum. Ef sækja þarf

hækkun á fiskverði hjá þeim sem landa hjá skyldum aðila þarf tvennt til.

Fyrir það fyrsta þarf lagabreytingu sem skyldar alla útgerð í landinu til að verðmynda allan fisk á fiskmarkaði. Í öðru lagi þarf að taka upp kjarasamninginn og breyta honum til samræmis við lögin.

Í uppsjávarfiskinum þarf sömuleiðis lagabreytingu um að allur uppsjávarfiskur sé verðlagður eftir fiskverði í Noregi, eða að komið verði á fót uppboðsmarkaði fyrir uppsjávarfisk eins og í Noregi. Þetta þýðir að öllum líkindum, í báðum tilfellum að veiðar og vinnsla séu aðskilin. Í hvaða stöðu erum við þá t.d. hér á Nesinu? Hverfur meira af fiski af þessu svæði eða bætist við? Það gæti alveg gerst að meiri fiskur yrði unninn hér en vinnslan gæti líka hrokkið eitthvað annað. Við sem samfélag verðum að taka góðar og vel ígrundaðar ákvarðanir í þessum málum fyrir framtíð íslenskra sjómanna og landvinnslufólks. Okkar hagsmunir hafa alltaf farið saman og munu gera það áfram. Varðandi það sjónarmið að fiskur fari óunnin úr landi í meira mæli ef veiðigjald hækkar, má benda á að áður hefur það gerst að kvótaálag var sett á gámafisk þegar stjórnvöldum þótti of mikið flutt út af óunnum fiski. Að sjálfsögðu erum við í samkeppni við erlendar fiskvinnslur. Þar er vinnuaflið ódýrara en hér þó okkar fólk í vinnslunni hér á landi verði seint talið hátekjufólk.

Ég minnst þess að ég var á vertíð í Ólafsvík veturinn 1978. Lélegasta vertíð í langan tíma. Vann í saltfiski á Bakka hjá Gylfa. Var á Sjóbúðinni í Ólafsvík, þar sem Jennetta Bárðar réð ríkjum. Fór á ball á Hellissandi og fékk á kjaftinn. Var líka í beitningu. Þetta var skemmtilegur tími sem aldrei kemur aftur. Verbúðalífið er horfið úr sjávarbyggðunum. Það að vísu vottar fyrir því í byggingar- og veitingaiðnaðinum. Fólk er hýst í einhverjum skúrum og kjallörum. Yfirleitt fáum við fréttir af því að illa sé komið fram við þetta fólk og þeirra réttindi fótum troðin. Ég nýt þeirra forréttinda að starfa á sama gólfi og vinnustaðaeftirlitið hjá ASÍ. Þar er unnið mekilegt og gott starf við greiningar og staðareftirlit hjá þeim fyrirtækjum sem ábendingar berast um að séu ekki með allt sitt á þurru í þessum málum. Það er ekki stórmannlegt að níðast á fólki sem ruslað er hingað erlendis frá. Það greiðir háa

leigu fyrir nokkra fermetra, þarf að deila aðgangi að baðherbergi með mörgum öðrum. Svo ofan í kaupið er þetta fólk oft á lægri launum en kjarasamningar segja til um, það heitir á mannamáli launabjófnaður.

Nokkrir snillingar í veitingageiranum sem kalla sig SVEIT, tóku sig til og stofnuðu sjálfir verkalýðsfélag fyrir nokkru sem þau kalla Virðingu! Allir í stjórn, trúnaðarráði og samninganefnd þessa félags eru atvinnurekendur. Þau hittast, sitja báðu megin við borðið og véla um laun fólksins sem vinnur hjá þeim. Setja svo fram launataxta og önnur réttindi sem eru langt frá því sem við höfum samið um fyrir okkar fólk. Ég ætla að gerast svo djarfur að við stofnum atvinnrekendasamtök, setjumst niður með hvort öðru á ákveðum að hækka lægstu laun um svona 25% á einu bretti og vinnuvikan verði 4 dagar og hafiði það! Hvernig yrði nú tekið á okkur?

Er engin andskotans „Virðing“ eftir lengur í þessu samfélagi? Bara böðlast áfram og fullyrt að allt sé mögulegt í nafni frjálsrar samkeppni?

Eitt dæmi er á borði sjómannasamtakanna núna en það er útgerð sem er með sjómenn ráðna sem verktaka. Þeir eiga þó hvorki bát né búnað til veiðanna, sem er nú eiginlega frumskilyrði til að stunda verktöku. Að eiga tól og tæki til verksins. Þetta hefur verið reynt áður en féll þá um sjálft sig þegar einn sjómaðurinn vildi sækja veikindarétt. Lögmaður fór með kröfuna fyrir dóm en var vísað frá af dómara með þeim orðum að sjómaðurinn yrði að fara í mál við sjálfan sig ef hann vildi ná fram rétti sínum!

Verkalýðsfélögin í þessu landi hafa með baráttu sinni og sinna félagsmanna náð þeim árangri að veikindarétturinn er orðinn nokkuð góður víðast hvar. Við þurfum að spyrna við fótum ef atvinnurekendur eru að falbjóða fólki vinnu með verktakasamningum.

Allur réttur sem barist hefur verið fyrir í krafti fjöldans er þá farinn veg allrar veraldar. Ég hvet ykkur sem hlýðið á mál mitt að standa vörð um þau gildi verkalýðshreyfingarinnar, sem samstaðan og baráttan hefur skilað okkur. Ekki gleypa við gylliboðum sem skila stundargróða en réttindamissi og lakari kjörum til langframa.

Og munum, Við sköpum verðmætin!
Til hamingju með daginn kæru félagar.

Valmundur Valmundsson
formaður Sjómannasambands Íslands